



Tungumálatorg

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Flokkur: Ísbrjótar

Að segja frá hlut

Hvað æfir aðferðin? Frásögn, að lýsa og segja frá

Stutt lýsing:

Nemendur velja sér hlut/hluti sem þeir eru með í veskinu sínu (eða vasanum, töskunni) og segja frá honum/þeim.

Fjöldi: alveg sama

Undirbúningur

E.t.v. ágæt hugmynd fyrir kennara að vera búinn að undirbúa leikinn með því að segja nemendum í tímanum á undan að koma næst með einhvern hlut að heiman sem er þeim kær því ekki er víst að allir séu með eitthvað slíkt í veskinu/vasanum.

Nákvæm lýsing

Nemendur velja sér hlut (eða hluti) úr veskinu, (eða koma með eitthvað að heiman) sem er þeim sérstaklega kær eða hefur einhverja persónulega merkingu fyrir þá. Þeir kynna sig og segja svo frá því af hverju þessi hlutur er þeim svona mikilvægur og kær.

Hvaðan fékkstu vitneskju um þessa aðferð/ leik?

Training-Games.com

Nafn og hvaðan af landinu kemur þú?

Þorbjörg Halldórsdóttir, Reykjavík

